



Samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda  
Collecting Society for Performing Artists and Phonogram Producers

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis  
Skrifstofu Alþingis,  
150 Reykjavík

Seltjarnarnesi 15. 5. 2015

**Efni : Umsagnir um 3 frumvörp um breytingar á höfundalögum**

Í bréfi þessu mun Samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda gefa umsagnir um þrjú frumvörp sem lögð hafa verið fyrir Alþingi á 144. löggjafarþingi 2014-2015 þ.e. frumvarp til laga um breyting á höfundalögum nr. 73/1972, með áorðnum breytingum (innleiðing tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2012/28/ESB um tiltekna leyfilega notkun á munaðarlausum verkum), mál nr.700, frumvarp til laga um breytingu á höfundalögum, nr. 73/1972, með áorðnum breytingum, (Lenging verndartíma hljóðrita.), mál nr. 701 og frumvarp til laga um breyting á höfundalögum nr. 73/1972, með áorðnum breytingum,(endurskoðun höfundalaga – einkaréttindi höfunda og samningskvaðir), mál nr. 703.

Öll þessi frumvörp hafa í för með sér réttarbætur bæði fyrir notendur og rétthafa, en efni frumvarpsins um lengingu verndartíma hefur lengi verið baráttumál bæði fyrir hljómlistarflytjendur og hljómplötuframleiðendur, en lagafrumvarpinu er ætlað að leiða í íslensk lög hluta af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/77/ESB frá 27. september 2011 um breytingu á tilskipun 2006/116/EB um verndartíma höfundaréttar og tiltekinn skyldra réttinda. EES-EFTA ríkjum var veittur frestur til 1. ágúst 2014 til að innleiða tilskipunina. Er því ljóst að löngu ert tímært að lögfesta þessi ákvæði um aukin réttindi, höfunda, flytjenda og hljómplötuframleiðenda.

Stjórn SFH mælir eindregið með því að öll þessi frumvörp verði lögfest á yfirstandandi vörþingi.

Virðingarfyllt

F.h. Sambands flytjenda og hljómplötuframleiðenda

Gunnar Guðmundsson framkvstj.